

Reglur um auglýsingar lausra starfa

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um þá starfsmenn ríkisins sem falla undir skilgreiningu 1. mgr. 1. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og teljast ekki embættismenn samkvæmt 22. gr. sömu laga.

2. gr.

Birting auglýsingar.

Auglýsa skal laus störf, þannig að umsóknarfrestur sé að lágmarki tíu dagar frá birtingu auglýsingar. Laust starf telst nægjanlega auglýst með birtingu á sérstöku vefsvæði um laus störf hjá ríkinu. Umsóknarfrestur skal miðast við fyrstu birtingu á hinu sérstaka vefsvæði og skal ljúka á virkum degi. Öllum umsóknum skal svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Ekki er skylt að auglýsa störf í eftirfarandi tilvikum:

1. Störf sem aðeins eiga að standa í tvo mánuði eða skemur.
2. Störf sem eru tímabundin vegna sérstakra aðstæðna, svo sem vegna orlofs, veikinda, fæðingar- og foreldraorlofs, námsleyfis, leyfis til starfa á vegum alþjóðastofnana o.þ.u.l., enda sé ráðningunni ekki ætlað að standa lengur en 12 mánuði samfellt.
3. Störf sem auglýst hafa verið innan síðustu sex mánaða og í þeirri auglýsingu hafi þess verið getið að umsóknin geti gilt í sex mánuði frá birtingu.
4. Störf vegna tímabundinna vinnumarkaðsúrræða á vegum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins.
5. Hlutastörf fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu sem teljast til vinnumarkaðsúrræða.

3. gr.

Efni auglýsingar.

Í auglýsingu um laust starf skal tilgreina starfsheiti, heiti stofnunar og staðsetningu starfs eða hvort það sé án staðsetningar. Í auglýsingu skulu að minnsta kosti vera upplýsingar um eftirfarandi:

1. Hvaða starf/starfssvið er um að ræða. Þar komi fram lýsing sem sé nægjanlega greinargóð til þess að væntanlegur umsækjandi geti gert sér glögga grein fyrir því í hverju starfið felst og hvaða kröfur það gerir til væntanlegs starfsmanns.
2. Starfshlutfall.
3. Hvaða menntunar- og/eða hæfniskröfur gerðar eru til starfsmanns.
4. Stjórnunarleg staða starfsins innan stofnunar/ríkisfyrirtækis.
5. Hvaða starfskjör eru í boði.
6. Hvert leita skal varðandi frekari upplýsingar.

7. Lengd umsóknarfrests.
8. Hvenær æskilegt er að starfsmaður hefji störf.
9. Hvert umsókn á að berast og á hvaða formi.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 3. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 464/1996.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu X. október 2019.